

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, og lög nr. 17 21. febrúar 1956 og lög nr. 52 20. apríl 1963, um breyting á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar,
nr. 60 29. maí 1972.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1973“ í 1. mgr. 85. gr. komi: 1974.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 102 31. des. 1972, um skipulag
á löndun á loðnu til bræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi, enda breytist töluröð annarra greina í samræmi við það:

Á loðnuvertíð 1973 skal stofna loðnuflutningasjóð og skal loðnulöndunarnefnd, sbr. 2. gr., hafa stjórn hans með höndum. Kaupendur loðnu skulu greiða í loðnuflutningasjóð 15 aura á hvert kg landaðrar loðnu til bræðslu til viðbótar því lág-

marksverði, er Verðlagsráð sjávarútvegsins hefur ákveðið fyrir loðnuvertíð 1973. Loðnulöndunarnefnd skal hafa á hendi innheimtu þessa gjalds og reikningshald sjóðsins.

Greiða skal úr loðnuflutningasjóði styrki til flutninga á loðnu samkvæmt reglum, er loðnulöndunarnefnd setur. Skal nefndin annast greiðslu flutningastyrkja.

Reynist inneign vera fyrir hendi í loðnuflutningasjóði, að lokinni loðnuvertíð 1973, skal hún geymd á sérstökum reikningi til næsta árs. Skal inneigninni ráðstafað samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

L Ö G

um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af íslenskum sjávarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Til íslenskra afurða telst afli, sem skip, skrásett hér á landi, veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

2. gr.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 1 700.00 á hvert útflutt tonn greiðist af frystum karfa- og ufsaflökum og þurrkuðum saltufsa.
2. Kr. 3 000.00 á hvert útflutt tonn greiðist af saltfiski — öðrum en þurrkuðum ufsa —, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, saltfiskbitum og söltuðum gellum.
3. Kr. 3 400.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum — öðrum en karfa- og ufsaflökum —, frystum hrognum, söltuðum hrognum ót. a., frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.
Nemi gjald samkvæmt töluliðum 1—3 meiru en svarar 4½% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.
4. 4% gjald af fob-verðmæti greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, frystum humar, frystri rækju, skelfiski og hertum sjávardýraolíum.
5. 5% gjald af fob-verðmæti greiðist af hvalafurðum, öðrum en niðursoðnum og niðurlögðum.